



Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun er landssamtök umhverfisáhrifum. Það er óskað um að farið hafa til meðferðar næra til um 605 ha lands í landi Hvamms í Landsveit, Rangárþingi ytra, umsögn um matsskyldu. Það er óskað um að farið hafa til meðferðar næra til um 605 ha lands í landi Hvamms í Landsveit og er það um 400 ha meira en það sem er tilkynningarskylt skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Landsvæðið er á áhrifasvæði fyrirhugaðra virkjana í Þjórsá sem farið hafa í mat á umhverfisáhrifum þ.e. annars vegar virkjunar í einu þreppi Núpsvirkjun eða hins vegar í tveimur þrepum Hvammsvirkjun og Holtavirkjuna. Í úrskurði Skipulagsstofnunar 200209059 kemur fram að báðir kostir eru ekki taldir valda umtalsverðum umhverfisáhrifum. Í framlögðum gögnum kemur fram að tilgangur skógræktaráætlunarinnar er skapa haldbært gagn fyrir landeigandann til þess að hann geti ræktað nytjaskógi á jörðinni með tilstyrk Suðurlandsskógaverkefnisins.

Reykjavík, 9. júní 2006
Tilvísun: UST20060500088/tb

Efni: Skógrækt á um 600 ha í landi Hvamms í Landsveit, Rangárþingi ytra, umsögn um matsskyldu

Vísað er í bréf frá Skipulagsstofnun, dags. 18. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn um fyrirhugaða skógrækt í landi Hvamms í Landsveit, Rangárþingi ytra. Fyrir liggur að meta hvort um er að ræða matsskylda framkvæmd samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000.

Inngangur:

Skógræktaráætlunin sem hér er til meðferðar nær til um 605 ha lands í landi Hvamms í Landsveit og er það um 400 ha meira en það sem er tilkynningarskylt skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Landsvæðið er á áhrifasvæði fyrirhugaðra virkjana í Þjórsá sem farið hafa í mat á umhverfisáhrifum þ.e. annars vegar virkjunar í einu þreppi Núpsvirkjun eða hins vegar í tveimur þrepum Hvammsvirkjun og Holtavirkjuna. Í úrskurði Skipulagsstofnunar 200209059 kemur fram að báðir kostir eru ekki taldir valda umtalsverðum umhverfisáhrifum. Í framlögðum gögnum kemur fram að tilgangur skógræktaráætlunarinnar er skapa haldbært gagn fyrir landeigandann til þess að hann geti ræktað nytjaskógi á jörðinni með tilstyrk Suðurlandsskógaverkefnisins.

Með vísan í þau gögn sem fylgja með bréfi Skipulagsstofnunar frá 18. maí sl. kemur í ljós að tillögur um virkjanir og skógrækt falla ekki saman á öllu svæðinu og misvel eftir því hvaða virkjunarkostur verður fyrir valinu. Til dæmis má nefnda að í skógræktaráætluninni er lagt til að haugsvæði séu færð miðað við það sem lagt var til í mati á umhverfisáhrifum vegna fyrrgreindra virkjana. Eru því lagðar til breytingar á framkvæmd sem hefur farið í lögformlegt ferli og tekin hefur verið afstaða til. Einnig má benda á að ef skógræktaráform í landi Hvamms hefðu verið hluti af matsferli virkjananna gæti það hafa haft áhrif á úrskurð um hvaða virkjunarkostur væri talin heppilegri út frá umhverfissjónarmiðum. Fleira er óljóst varðandi skógræktaráform með eða án virkjunar og má þar t.d. nefna að mun betur þarf að gera grein fyrir öðrum grunnvirkjum svo sem vegalagningu og hvort og hvernig skógræktaráform samrýmast væntanlegum línulögnum. Skógræktaráætlunin sem hér er lögð fram til ákvörðunar um matsskyldu gæti því breyst eftir því hvaða virkjunarkostur verður fyrir valinu og gæti jafnframt haft áhrif á hvaða virkjunarkostur verður fyrir valinu. Það væri því eðlileg krafa að umhverfisáhrif skógræktar í landi Hvamms séu metin með hliðsjón af fyrirhuguðum virkjunarkostum og eðlilegt að hagsmunaaðilar og almenningur fái tækifæri til

að meta áform um framkvæmdir á svæðinu í heild í lögformlegu ferli. Það var t.d. niðurstaða Umhverfisstofnunar í umsögn sinni um fyrrgreindar virkjanir að hún taldi virkjun í einu þepi, Núpsvirkjun, hafa minni áhrif á umhverfið en virkjun á þessu svæði í tveimur þrepum.

Í ræktunaráætlun fyrir Hvamm segir í lið 1. „.....og talsvert stór hluti fer undir raflínur og virkjunarmannvirki, því hugmyndir eru nú uppi um að byggja svokallaða „Hvammsvirkjun“ í hluta af landi því sem áætlunin nær yfir. Ekkert er þó víst í þeim efnum, og er því áætlunin gerð eins og engin virkjun verði byggð. Ekki verður byrjað á ræktun þeirra svæða sem hugsanlega geta farið undir virkjun fyrr en endanleg plön Landsvirkjunar liggja fyrir.“ Umhverfisstofnun telur að það verði að vera skýrt hvað eigi að gera á svæðinu því annars vegar er sagt að skógræktaráætlunin sé gerð eins og að ekki verði af virkjun en hins vegar er lagt til að flytja til haugsvæði verði af virkjun og bent á að stór hluti fari undir raflínur og virkjunarframkvæmdir.

Aðrar athugasemdir:

Sjaldgæfar tegundir:

A fyrirhuguðu skógræktarsvæði eru engin svæði friðlyst eða á Náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun vill þó benda á að í athugasemdum hennar til Skipulagsstofnunar frá 18. júní 2003 um fyrrgreinda virkjunarkosti er fjallað um sjaldgæfar tegundir og tegundir á válista, þar segir m.a.: „..... Prjár mosategundir eru flokkaðar sem sjaldgæfar tegundir á landsvísu. Engin þeirra er á válista en tvær tegundir, roðahnokki (*Bryum acutiforme*) og dvergsnúður (*Tortula obtusifolia*), verða að teljast fágætar á heimsvísu eða a.m.k. í þessum heimshluta og ein tegund Sytrubendill (*Riccardia incurvata*) fannst í fyrsta sinn á Suðurlandi. Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands skipta vaxtarstaðir roðahnokka og dvergsnúðar á áhrifasvæði Núpsvirkjunar litlu máli fyrir útbreiðslu þeirra hérlandis og talið er líklegt að sytrubendill vaxi mun viðar en nú er vitað um.

Fjórar fléttutegundir eru flokkaðar sem sjaldgæfar á landsvísu. Ein þeirra, hrímstrympa (*Polyblastia theleode*), er líklega algengari en þessi flokkun gefur til kynna en hinar tegundir prjár eru að öllum líkindum raunverulega sjaldgæfar. Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands eru jafnframt tilgreindar prjár fléttutegundir sem oftast finnast í nokkrum mæli þótt þær séu jafnframt sjaldgæfar á landsvísu. Af þeim átta tegundum fléttuháðra sveppa sem skráðar voru á svæðinu eru alls fjórar tegundir fundnar í fyrsta skipti á Íslandi. Prjár þeirra eru flokkaðar sem sjaldgæfar á landsvísu og ein tegund sem sjaldgæf á landsvísu en finnst í nokkrum mæli. Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að vegna ónógrar vitneskju um þennan hóp sveppa er ekki hægt að fullyrða að þessar tegundir séu raunverulega sjaldgæfar en þó má teljast líklegt að *Arthonia stereocaulina* og *Cercidospora epipolytropa* séu raunverulega sjaldgæfar. Tegundfjölbreytnin virðist sambærileg á áhrifasvæðum lónanna tveggja og svipað hlutfall sjaldgæfra tegunda.

Ein sveppategund, sandtunga (*Geoglossum arenarium*), er flokkuð sem sjaldgæf á landsvísu en hún fannst í lónstæði Árneslóns. **Sandtunga hefur aðeins fundist á fáeinum stöðum sunnanlands og vestanlands og telst sjaldgæf tegund, en jarðtungur eru allar fátiðar eða sjaldgæfar hérlandis.**

Af þeim tegundum sem teljast sjaldgæfar fundust 8 tegundir á áhrifasvæði Hvamms- og Holtavirkjunar en 7 á áhrifasvæði Núpsvirkjunar. **Samkvæmt ofangreindu virðast virkjanakostirnir tveir, þ.e. virkjun í einu eða tveimur þrepum, hafa svipuð áhrif á sjaldgæfar tegundir.** Rannsóknir á útbreiðslu mosa, fléttu og sveppu eru takmarkaðar hér á landi og því óljóst hversu sjaldgæfar ofangreindar tegundir eru raunverulega í íslenskri náttúru. Engin þessara tegunda er þó á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands né á lista yfir þær

tegundir sem lagt er til að verði friðaðar í náttúruverndaráætlun. Í ljósi þess telur Umhverfisstofnun að ekki sé hægt að fara fram á sértækar mótvægisáðgerðir til verndar þessum sjaldgæfu tegundum, sbr. þó athugasemd um gróður á haugsvæðum hér að neðan.“ **Síðan segir í bréfi til Skipulagsstofnunar dags. 15. júlí 2003:** „Komið hefur í ljós að mistök voru gerð við vinnslu fyrreindrar umsagnar því í drögum að náttúruverndaráætlun er lagt til að ein tegund fléttuháðra sveppa sem fannst á athugunarsvæðinu, þ.e. *Llimoniella neglecta*, verði friðlýst. Í ljósi þess telur Umhverfisstofnun mikilvægt að gerðar verði frekari rannsóknir á útbreiðslu þessarar tegundar áður en til framkvæmda kemur og að rannsaka beri útbreiðslu hennar ofan og neðan við áhrifasvæði fyrirhugaðra virkjana í Þjórsá neðan Búrfells áður en ráðist verður í framkvæmdir.“

Í þeirri skógræktaráætlun sem hér er lögð fram er ekki vikið að því sem hér kemur fram og í gátlista er merkt við nei þegar fjallað er um náttúruverndaráætlun. Framangreind umfjöllun er miðuð við virkjanir. Skógrækt á svæðinu gæti haft allt önnur áhrif og jafnvel meiri þar sem lón vegna virkjana eru að miklu leyti í núverand farvegi Þjórsár en skógræktin nær yfir 600 ha. lands.

Eldhraun, jarðmyndanir og landslag

Í lið 3 í skógræktaráætlun segir: „Í landi Hvamms sést í hraunið á upplásturssvæðunum. Þetta má finna á Alls eru þetta 155 ha. Fyrirhugað er að klæða þetta land gróðri og planta birki, stafafuru og ösp; harðgerðum trjátegundum sem spjara sig á rýru landi. Skv upplýsingum frá Náttúruvernd ríkisins (á að vera Umhverfisstofnun ath. Umhverfisstofnun) (24/4 06 munnleg heimild Árni Bragason), er hér ekki um hraunmyndanir sem ber að vernda.“ Umhverfisstofnun getur ekki tekið undir þessa túlkun í skógræktaráætluninni. Samkvæmt Árni Bragasyni var um almenna umfjöllun að ræða þar sem komu fram þau sjónarmið sem hafa komið fram áður í umsögn stofnunarinnar um Þjórsárhraun svo sem í bréfi til Skipulagsstofnunar frá 18. júní 2003 þar sem segir: „Framkvæmdir vegna virkjana í Þjórsá (mannvirki og lón) munu raska Þjórsárhrauni sem rann fyrir um 8700 árum og er eitt mesta hraun sem runnið hefur á Íslandi. Hraunið er víða vel gróið og hulið jarðvegi og hefur því tapað þeim eiginleikum sem skapa verndargildi þess. Að mati Umhverfisstofnunar eru áhrif framkvæmdanna ekki þess eðlis að um umtalsverð áhrif á eldhraun sé að ræða.“ Til skýringar er því rétt að benda á að Umhverfisstofnun telur að ef hraun eru alfarið hulin jarðvegi og gróðri eða sandi þannig að hraunmyndanir sjást ekki lengur og öll einkenni hrauna horfin þá sé ekki ástæða til að vernda hraunin sem eldhraun skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Á þessu geta þó verið undantekningar sem gætu t.d. verið vísindalegs eðlis svo sem vegna rannsókna á jarðfræðiferlum eða öðru og því talið er rétt að vernda viðkomandi hraun. Einnig má benda á að upplástursgeiri sá sem hér um ræðir er að mörgu leiti sérstakur og er m.a. til vitnis um ákveðin atburð og hefur sem slikur ákveðið rannsóknargildi og jafnvel landslagsgildi. Á þessum geira sést hraunið. Einnig má benda á að þó hraunið sé hulið gróðri og hafi ekki verndargildi getur sá gróður sem hylur það haft verndargildi t.d. ef um væri að ræða birkiskóg.

Í þeim gögnum sem Umhverfisstofnun hefur undir höndum er hvergi lagt mat á jarðfræði svæðisins sérstaklega og t.d. gildi umrædds upplástursgeira. Þó svo að svæðið sé ekki á Náttúruminjaskrá, friðlýst eða hluti af Náttúruverndaráætlun vegna jarðmyndana geta verið þar merkar jarðmyndanir.

Um landslag er mjög lítið fjallað og lítið sem ekkert reynt að geira grein fyrir þeim breytingum sem munu verða ef svæðið fer allt undir skóg. Að vísu eru leiðbeiningar um hvernig er hægt að laga skógræktina að landi og teknir eru frá skikar vegna formminja en

engin heildarúttekt er á landslagi t.d. vegna formminja. Ekki er umfjöllun um eða lýsing á því hvort ástæða sé til að vernda einhverjar heildir vegna formminja en ekki einvörðungu reiti utanum stakar minjar.

Tegundaval og markmið

Eins og kemur fram í innsendum gögnum virðist markmið skógræktarinnar fyrst og fremst vera að rækta nytjaskóg. Jafnframt er ljóst að vegna jarðvegs eða skorts á jarðveg er lagt til að fara í sáningu lúpínu á mörgum svæðum, 494 ha, áður en skógrækt hefst. Að mati framkvæmdaaðila mun ekki vera hætta á að lúpínan breiðist út frá svæðinu.

Umhverfisstofnun telur þetta vafasamt að segja að ekki sé hætta á að lúpína breiðist út bæði vegna nálægðar við vatnsfarvegi og vitað er að lúpína getur vaxið í grónu landi. Óvist er að aðrir landeigendur í nálægð Hvamms vilji fá þessa plöntu yfir jarðir sínar. Í 41. gr.

náttúruverndarlaga segir: „Að því leyti sem ekki er kveðið á um í öðrum lögum, svo sem lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, getur ráðherra veitt leyfi fyrir innflutningi, ræktun og dreifingu lifandi framandi lífvera.

Ráðherra skal í reglugerð kveða á um skráningu, innflutning, ræktun og dreifingu lifandi framandi lífvera hér á landi, sbr. þó 1. mgr. Þar má m.a. birta skrá yfir tegundir sem óheimilt er að flytja til landsins, svo og yfir tegundir sem heimilt er að rækta hérlandis og sleppa í villtri náttúru, þar með talið á skógræktarsvæðum.“

Í reglugerð nr. 583/2000 kemur fram að lúpína er ekki innlend tegund þar sem hún var ekki hluti af 3. útgáfu Flóru Íslands frá 1948. Einnig bendir Umhverfisstofnun sérstaklega á kafla III í reglugerðinni um ræktun útlendra plöntutegunda og þar sérstaklega á 9. gr. um mat á ávinningi og áhættu. Þó að vinnu við gerð lista um plöntur sé ekki lokið er eðlilegt að fram fari mat á aðgerðum af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt skógræktaráætluninni er hér fyrst og fremst um nytjaskóg að ræða. Fram kemur að birki er aðeins um 11 % af því sem verður ræktað. Landið virðist vera mjög rýrt þar sem það þarf að undirbúa landið með því að sá lúpínu í 494 ha eða tæpa 5/6 hluta landsins. Hér virðist því miklu fremur vera um það að ræða að þörf sé á að endurheimta jarðveg og gróður og að landið sé ekki til þess fallið að rækta nytjaskóg nema með töluverðum undirbúningi. Umhverfisstofnun hefur oft bent á það áður að endurheimt landgæða á fyrst og fremst að vera í samræmi við vernd líffræðilegrar fjölbreytni þ.e. er að nota innlendar plöntutegundir eins og hægt er eða aðferðir sem skila sama árangri þ.e. að endurheimta íslensk vistkerfi..

Það er ljóst að ef liðið er til lengri tíma þá er mjög líklegt að það muni eiga sér stað sjálfsáning út frá skógræktarsvæðinu. Hvergi kemur fram hvernig framkvæmdaraðili hyggst bregðast við því og hvort aðrir landeigendur í nágrenninu kjósi að það gerist. Með mati á umhverfisáhrifum hafa hagsmunaaðilar þó kost á að koma athugasemdum á framfæri t.d. má gera ráð fyrir að sumar plöntutegundir sé ekki jafnvel séðar og aðrar og geti hindrað ýmsa landnotkun og verið kostnaðarsamt að fjarlægja.

Í framlagðori skógræktaráætlun er ekki fjallað um hvernig þessi einstaka framkvæmt er í samræmi við markmið Suðurlandsskógaverkefnisins sem heild þ.e. hvað er mikið búið að rækta á vegum verkefnisins og hvernig þessi framkvæmd fellur að verkefninu o.s.frv.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að miðað við umfang fyrirhugaðrar skógræktar og staðsetningu hennar m.t.t. til fyrirhugaðra virkjana og að þessar tvær framkvæmdir geta haft áhrif hvor á aðra þá sé ástæða til þess að meta annaðhvort umhverfisáhrif fyrirhugaðrar skógræktar þar sem fullt tillit er tekið til þess matsferlis sem þegar hefur farið fram eða að

lögð er fram ný áætlun (væntalega í samráði við virkjunaraðila) þar sem skýrt kemur fram hvar eigi að virkja og hvernig skógrækt á þessu svæði samrýmist þeim framkvæmdum.

Umhverfisstofnun telur að skógrækt á þessu svæði með það að markmiði að endurheimta landgæði í anda verndunar líffræðilegrar fjölbreytni sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum. Sama gildir að mati stofnunarinnar um nytjaskógrækt þar sem m.a. væri tekið tillit verndunar líffræðilegrar fjölbreytni sbr. athugsemdir um sjaldgæfar tegundir. Skógræktaráformin eins og þau eru kynnt virðast hins vegar fyrst og fremst vera nytjaskógrækt sem vegna aðstæðna mun kalla á sáningu á lúpínu í 494 ha lands og þar sem meira en 80 % af þeim plöntutegundum sem á að planta í framtíðinni eru erlendar tegundir. Umhverfisstofnun telur að svo umfangsmikil sáning á lúpínu og notkun erlendra trjátegunda sé líkleg til lengri tíma til að hafa áhrif utan þess svæðis sem skógræktaráætlunin tekur til. Lítið sem ekkert er fjallað um það í áætluninni hvað áhrif ólíkar tegundir er líklegar að hafa út fyrir svæðið t.d. elri og ösp og hvernig verður brugðist við ef og þegar plöntur dreifast út frá svæðinu.

Virðingarfyllst


Trausti Baldursson


Árni Bragason